




European
Commission

Samheldnistefna Evrópusambandsins

Algengar spurningar



Forsíðumynd

Danmörk

Vindorka í Borgundarhólmi í Danmörku.

- Byggðaðróunarsjóður Evrópu

Hvorki framkvæmdastjórn Evrópusambandsins né nokkur einstaklingur sem starfar fyrir hönd hennar ber ábyrgð á notkun eftirfarandi upplýsinga.

Þetta skjal er endurskoðuð og uppfærð útgáfa rafræna ritsins Samheldnistefna – Algengar spurningar (http://ec.europa.eu/regional_policy/faq/index_en.htm). Stjórnarsvið stækkunarmála lauk uppfærslunni í júní 2010 og var hún yfirfarin af Stjórnarsviði byggðastefnu í febrúar 2012.

Mikið af frekari upplýsingum um Evrópusambandið má finna á netinu, svo sem á Europa netþjóninum (<http://europa.eu/>).

Þá má nálgast upplýsingar á íslensku á heimasíðu Evrópustofu, upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi (evropustofa.is).

Hvað er samheldnistefna?

Samheldnistefnan (eða byggðastefna) er málaflokkurinn að baki hundruða þúsunda verkefna um alla Evrópu sem njóta stuðnings úr Samheldnisjóðnum (e. Cohesion Fund) og úr uppbyggingarsjóðunum tveimur: Byggðapróunarsjóði Evrópu (e. European Regional Development Fund) og Félagsmálasjóði Evrópu (e. European Social Fund).

Efnahagsleg, félagsleg og svæðisbundin samheldni felur í sér að „draga úr mismæmi milli ólíkra svæða og efla verst settu svæðin“ með því að leggja áherslu á jafnari og sjálfbærari þróun.

Hvernig er fjármagni skipt milli landa og svæða?

Samkvæmt fjárlögum ESB fyrir árin 2007–2013 eru 347 milljarðar evra ætlaðir til fjárfestinga samkvæmt samheldnistefnunni í hinum 27 ríkjum sambandsins. Hvert svæði innan ESB fellur undir tvö af þremur markmiðum samheldnistefnunnar (samleitni, samkeppnishæfni og atvinnustig svæða og samvinnu svæða innan Evrópu). Stærstum hluta fjármagnsins er þó beint til svæða þar sem þörfin er mest; til svæða þar sem verg landsframleiðsla á mann er innan við 75% af meðaltali ESB. Sjóðum samheldnistefnunnar er dreift milli aðildarríkja út frá ýmsum ólíkum viðmiðum.

Það er undir hverju ríki komið að skipta fjármagninu milli svæða sem falla undir samleitnimarkmið ESB og svæða sem falla undir markmið um samkeppnishæfni og atvinnu. Ríkin nota svo sjóðina til að fjármagna áætlanir – þemaáætlanir sem ná til alls landsins (t.d. í tengslum við umhverfismál eða samgöngur) eða svæðisbundnar áætlanir sem beina fjármagni til ákveðinna landshluta. Samið er um þessar áætlanir við framkvæmdastjórn ESB sem síðan tileinkar sér þær.



Grikkland

Nýjar neðanjarðarlestarlínur í Apenu á Grikklandi
– Samheldnisjóðurinn

Hvernig eru verkefni valin sem hljóta stuðning úr uppbyggingarsjóðunum?

Fólk á öllum svæðum getur fengið stuðning úr uppbyggingarsjóðunum. Framkvæmdastjórnin kemur ekki að vali verkefna (nema fárra stórra verkefna) – um það sjá yfirvöld einstakra ríkja og svæða sem bera ábyrgð á stjórn hinna 455 áætlana sem framfylgja samheldnistefnunni fyrir tímabilið 2007-13. Þessir umsjónaraðilar skilgreina valkröfur, útnefna valnefndir og velja, eftir opið útbod, þau verkefni sem hljóta Evrópustyrk.

Finnland

Verkefni á jaðarsvæðum í norðri: Vísindamenn í Kuopio á Finnlandi rannsaka næringargildi og möguleika norðlægra berja af klungurtegund – *Byggðapróunarsjóður Evrópu*



Hverjir uppfylla skilyrði um styrki úr uppbyggingarsjóðunum?

Til að hljóta styrk verður verkefnaumsókn að standast valkröfurnar og falla undir þá forgangsróðun sem umsjónaraðili áætlunarinnar hefur sett um fjárfestingar. Þá verður hún einnig að samræmast gildandi lögum viðkomandi svæðis.

Mikill fjöldi stofnana og félaga getur hagnast á svæðisbundnum styrkjum, s.s. opinberir aðilar, sumir einkaaðilar (einkum lítil fyrirtæki), háskólar, samtök, frjáls félagasamtök og sjálfbodaliðasamtök. Erlend fyrirtæki með starfsemi á svæði sem fellur undir viðkomandi áætlun geta einnig sótt um, svo framarlega sem þau uppfylla evrópskar reglur um opinber innkaup.

Samkvæmt þeim reglum sem settar voru fyrir tímabilið 2007-2013 verður hvert ESB ríki að birta uppfærðan lista yfir alla þá sem fá stuðning úr uppbyggingarsjóðunum.

Hvaða útgjöld eiga uppbyggingarsjóðirnir að styrkja?

Í reglunum eru skilgreindir ákveðnir flokkar styrkhæfra útgjalda. Yfirvöld hvers ríkis og svæðis skilgreina í aðgerðaáætlun sinni hvernig þau gera ráð fyrir að skipta því fjármagni sem til ráðstöfunar er milli meginviðfangsefnanna.

Uppbyggingarsjóðirnir ná yfir vítt svið – tæknilegar rannsóknir og þróun, upplýsingasamfélagið, stuðning við fyrirtæki, þróun grunnvirkja (samgöngur, fjarskipti, heilbrigðisþjónusta og menntun), orku, forvarnir gegn áhættu, umhverfismál, atvinnumál, þjálfun, ferðaþjónusta, menningu o.s.frv.

Hvert er hlutverk samheldnistefnunnar í sóknaráætlun ESB – Evrópa 2020?

Þar sem byggðastefnan er stærsti vettvangur ESB til fjárfestinga í hagkerfinu og hún hefur reynst árangursrík þróunaráætlun sem getur stutt við lykilmjárfestingar innan svæðanna í samræmi við efnahagsstefnu sambandsins, er hún ein meginleiðin til að hrinda sóknaráætlun ESB – Evrópa 2020 – í framkvæmd.

Sóknaráætlunin skilgreinir megin undirstöður vaxtar sem hugvitsemi, sjálfbærni og opið öllum. Með því að styðja við takmarkaðan fjölda

forgangsverkefna, í samræmi við þessar undirstöður vaxtar, getur byggðastefnan veitt þá markvissu fjárfestingu sem nauðsynleg er til að skapa rétt skilyrði til að auka nýsköpun og skapa samkeppnishæfara, samtengdara og grænna hagkerfi.

Meirihluti þess fjármagns sem fer til byggðastefnunnar – um 230 miljarðar evra – er einkum ætlaður til fjárfestingar í lykilþáttum átætlunarinnar, það er í rannsóknum og tækniþróun í fremstu röð, nýsköpun, upplýsinga- og samskiptatækni, viðskiptaþróun og þjálfun.

Áætlanir ESB á sviði byggðastefnu styðja með góðum árangri við samþætta fjárfestingu í háhraðanettengingum, á sviði samgangna og orkumála, orkusparnaði og endurnýjanlegri orku og grænni opinberri innkaupastefnu – sem allt eru lykilatriði til að ná markmiðum 2020 sóknaráætlunarinnar.

Hvernig getur ríki búið sig undir samheldnistefnuna fyrir aðild?

Sjóður til aðstoðar ríkjum sem bíða aðildar (e. Instrument for Pre-Accession Assistance – IPA) var settur á stofn til að veita umsóknarlöndum og væntanlegum umsóknarlöndum um aðild að ESB markvissan stuðning. Með stuðningi IPA geta umsóknarríkin búið sig undir þátttöku í samheldnistefnu ESB og að stýra uppbyggingar-, samheldni- og byggðaprúnarsjóðum með skilvirkum hætti ef/þegar til aðildar kemur.

Portúgal

Ný hraðbraut frá Porto til Valença do Minho í Portúgal.

- Byggðaprúnarsjóður Evrópu



Hvernig er komið í veg fyrir bókhaldsóreiðu og misnotkun?

Yfirvöld í einstökum löndum og svæðum verða að uppfylla ákveðin grundvallarskilyrði áður en verkefni fá fjármagn úr uppbyggingarsjóðnum eða Samheldnisjóðnum. Til að byrja með verða þau að tilgreina hvaða aðilar muni sinna eftirtöldum hlutverkum fyrir allar landsáætlanir og svæðisbundnar áætlanir:

1. Umsjónaraðili – sér um skipulagningu og framkvæmd. Það tryggir að skilyrði fyrir veitingu styrkja hafi verið uppfyllt og fylgst er reglulega með því að fjárhagsáætlanir séu virtar;

2. Vottunaraðili – skilar yfirliti yfir útgjöld og beiðnum um greiðslur til framkvæmdastjórnarinnar. Gengur úr skugga um að greiðslubeiðni séu réttar og byggi á áreiðanlegu reikningskilakerfi sem uppfyllir landsreglur og Evrópureglur;

3. Endurskoðunaraðili – endurskoðar og hefur eftirlit með verkefnum. Lætur umsjónaraðila og vottunaraðila vita um gloppur og frávik sem kunna að koma fram í útgjöldum.

Komi fram verulegir veikleikar komast framkvæmdastjórnin og landsyfirvöld að samkomulagi um aðgerðaráætlun til að bæta úr stöðunni. Grípi landsyfirvöld ekki strax til aðgerða getur framkvæmdastjórnin stöðvað eða frestað greiðslum. Framkvæmdastjórnin tekur tillit til endurskoðunar Evrópska endurskoðunardómstólsins (e. European Court of Auditors) og rannsókna á vegum Evrópuskrifstofu um aðgerðir gegn svikum (e. European Anti-Fraud Office – OLAF).

Hver eru áhrif samheldnistefnunnar?

Samheldnistefnan hefur raunveruleg áhrif með miklum fjárfestingum í sumum ríkjum (allt að 4% af vergri landsframleiðslu þeirra). Landsyfirdóla hafa sett sér mælanleg markmið í aðgerðaráætlunum sínum fyrir tímabilið 2007-2013. Á þriggja ára fresti birtir framkvæmdastjórnin samheldniskýrslu sem greinir frá þróun einstakra svæða og hvaða áhrif samheldnistefnan hefur.

Nýlegar matsskýrslur bera skýr merki um þann árangur sem náðst hefur. Mikilvægt er að greina áhrif og árangur samheldnistefnunnar svo tryggja megi áframhaldandi árangur. Þá er lykilatriði að miðla til almennings þeim árangri sem fjárfestingarnar hafa skilað til að tryggja gegnsæi og ábyrgð. Það gerir einnig öðrum kleift að læra af góðum starfsháttum og bæta stöðugt verkefni og áætlanir.

Nokkrar lykiltölur úr matsskýrslum (frá tímabilinu 2000 til 2006)

Áhrif á efnahagskerfið

- Hröð tekjuaukning á fátækustu svæðunum: Áætlanir á svæðum innan Markmiðs 1 (sem beinast að svæðum þar sem verg landsframleiðsla er undir 75% af meðaltali ESB) juku bæði framleiðslugetu hagkerfanna og landsframleiðslu. Á þessum svæðum jókst verg landsframleiðsla á íbúa (af meðaltali ESB25) úr 66% árið 2000 í 71% árið 2006. Uppsöfnuð áhrif samheldnistefnunnar á landsframleiðslu á þessum svæðum frá 2000–2009 eru áætluð +0,5% í ESB15 (aðildarríki ESB fyrir stækkun árið 2004) og +3,7% í ESB10 (ný aðildarríki ESB eftir stækkun árin 2004 og 2007). Þjóðhagsleg líkön benda til þess að Evrópusambandið í heild – ekki aðeins stærstu styrkþegarnir – njóti ávaxta samheldnistefnunnar, einkum vegna aukinna viðskipta.
- Fjölgun starfa: Áætlað er að 710.000 ný störf hafi skapast á vanþróuðustu svæðum ESB og 730.000 á þróaðri svæðum (þeim svæðum sem falla undir Markmið 2). Ein milljón slíkra starfa urðu til innan fyrirtækja.
- Á þátt í að draga úr mismun milli svæða: Mælt misræmi þróuðustu og vanþróuðustu svæðanna lækkaði um einn sjötta hluta vegna viðvarandi vaxtar á minna þróuðu svæðunum.

Áhrif á umhverfið

- Samheldnistefnan átti stóran þátt í að hjálpa svæðum að laga sig að umhverfisstöðlum Evrópusambandsins. Nú hafa til að mynda bæst við 20 milljónir manna sem hafa aðgengi að nútíma vatnsveitukerfum. Þá hafa 23 milljónir einstaklinga bæst við sem hafa skólphreinsikerfi (það er að segja um 50% af þeim sem gengu inn í sambandið á þessu tímabili).

Áhrif á samgöngur

- Í gegnum Samheldnistefnuna var fjármögnuð lagning á nærri 100.000 km af nýjum eða endurnýjuðum vegum og hraðbrautum og nærri 4.000 km af járnbrautarteinum auk þess sem aðstoðað var við endurnýjun yfir 30 flugvalla og 45 hafna. Í löndum Samheldnistefnunnar voru 4.500 km af hraðbrautum og 1.200 km af háhraða lestarbrautum fjármagnaðir, þ.e.a.s. 77% af hraðbrautum og 56% af háhraða lestarbrautum í þessum löndum.

Rúmenía

Sucevita klaustrið var stofnað árið 1584 og er á heimsminjaskrá UNESCO
- Samheldnisjóðurinn



Áhrif á fyrirtæki

- Alls fengu 230.000 lítil eða meðalstór fyrirtæki fjárhagslegan stuðning (aðallega í formi styrkja en einnig lána og áhættufjármagns). Einnig fengu 1.1 milljón fyrirtækja aðstoð eða stuðning við tengslamyndun, sem leitt hefur til myndunar um milljón starfa innan ESB. Til dæmis voru 40.000 örfyrirtæki stofnuð í Þýskalandi á þessu sex ára tímabili.
- Áhrif Bygðarþróunarsjóðs Evrópu á framlög til rannsókna og þróunar á svæðum sem falla undir Markmið 1 voru vel merkjanleg: Þau bættu 12% við ríkisútgjöld til málaflokksins í Portúgal, 7% í Grikklandi og um 6% á Spáni. Þá var aukningin enn meiri í nokkrum ríkjum, einkum Eistlandi þar sem útgjöld til rannsókna og þróunar voru tvöfalt meiri sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árið 2006 en árið 2000.

Áhrif á rannsóknir

- Næri 38.000 rannsóknar- og þróunarverkefni fengu stuðning sem leiddi til þess að meira en 13.000 ný langtímaströf voru sköpuð við rannsóknir.

Svíþjóð

Upplýsingatæknihús í Hallaryd í Svíþjóð er staðsett í húsaþyrpingu þar sem einnig má finna bókasafn og skóla.

- Bygðarþróunarsjóður Evrópu



Nánari upplýsingar

Stjórnarsvið um byggðastefnu

Vefsíða: <http://ec.europa.eu/info/region>

Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB

Suðurgata 10

101 Reykjavík

Sími 527 5700

Vefsíða: evropustofa.is

Netfang: evropustofa@evropustofa.is





■ Publications Office

Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB